

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
Fyrir opna báta	504,00
Fyrir þilfarsskip minni en 25 brl.	864,00
Fyrir þilfarsskip 25 brl. til 100 brl.	1 338,00
Fyrir þilfarsskip 101 brl. til 250 brl.	1 800,00
Fyrir þilfarsskip 251 brl. til 500 brl.	2 448,00
Fyrir þilfarsskip 501 brl. til 1600 brl.	3 960,00
Fyrir þilfarsskip 1601 brl. og stærri	4 752,00

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Sé ástandi skips þannig háttað við árlega aðalskoðun að nauðsynlegt sé fyrir viðkomandi skoðunarmann að mæta til skoðunar á öryggisbúnaði, vél eða bol skips, oftast en tvisvar sinnum í sama skipið, teljast skoðanir þar eftir aukaskoðanir.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálf gjald fyrir árlega aðalskoðun samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingarmálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

1. Bátar sem eru 6 metra langir og allt að 8 metrum:

- Fyrir samþykkt á teikningum, hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu
kr. 5 000,00
- Fyrir samþykkt á reiða seglbáta kr. 3 000,00
- Fyrir eftirlit með smíði, samþykkt á innfluttum bátum, fullnaðar-
skoðun og útgáfu skipsskjala kr. 5 000,00

2. Skip 8 metrar og lengri:

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ. m. t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þ. e. meðtalinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).

Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðarsjóð, sé um fiskiskip að ræða, og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.

B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A- og C- lið þessarar málsgreinar.

C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.

3. Eftirlitgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir:

20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði.

30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða.

20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður.

Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C-lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn, þó ekki á dagpeningum og fargjöld.

2. Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

Skip allt að 500 brl.	kr.	1 296,00
----------------------------	-----	----------

Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	1 686,00
--------------------------------------	----------

Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	2 244,00
---------------------------------------	----------

Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	2 982,00
---------------------------------------	----------

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 240,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 150,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 504,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	kr.
1. Útgáfa þjóðernisskírteinis	360,00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	432,00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	144,00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	216,00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	72,00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	12 000,00

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	kr.
Opinn bátur	720,00
Pilfarsskip minni en 25 brl.	3 600,00
Pilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	5 040,00
Pilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	7 920,00
Pilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	12 240,00
Pilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	17 280,00
Pilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	23 040,00

Pilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálf gald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

	kr.
Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	144,00
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	72,00
Umsögn um vélaskipti	360,00

9. gr.

Rannsóknir.

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ. e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda, greiðist kr. 368,00 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 135,00 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu, kr. 234,00 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 289 25. apríl 1983.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Búlandshreppi.**

1. gr.

Sérhver húsráðandi í Búlandshreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun sem hreppsnefnd Búlandshrepps og heilbrigðisnefnd Djúpavogs-umdæmis ákveða.